

## Konur gára vatnið - 4. fréttabréf



### Lokafundur á Akureyri

---

Þann 10. maí 2022 fór fram lokafundur verkefnisins Konur gára vatnið, á Akureyri (Íslandi) þar sem samstarfsaðilum gafst tækifæri til að fara yfir allt sem unnið hefur verið á síðustu þremur árum og velta fyrir sér lærdómnum af verkefninu.

Verkefnið Konur gára vatnið (WMW<sup>1</sup>) hefur búið til námskeið sem miðar að því að auka sjálfstraust kvenna, sjálfsvitund, starfshæfni og leiðtogaþæfni, auk þess að styrkja tengslanet kvenna.

Námskeiðið, sem er í boði á mismunandi tungumálum (ensku, íslensku, grísku og spænsku), er hægt að nálgast á netinu í gegnum námsvef verkefnisins (E-learning Academy). Það felur í sér myndbönd, slæður, skjöl, gagnvirkar náms-sviðsm myndir og myndasýningar til að auka þátttöku notenda. Verkefnið þróaði einnig hæfniramma, leiðtogaþringi og að lokum handbók fyrir stefnumótendur. Allt þetta er hægt nálgast á vefsíðu okkar, án endurgjalds.

Hvað samstarfsaðilana varðar, þá hafa þeir öðlast nýja færni og þekkingu, svo sem skilning á mismunun kvenna í samstarfslöndum, stöðu þeirra á vinnumarkaði, hindranir sem þær standa frammi fyrir og leiðir til að styðja við konur með tvöfalda mismunun. Samstarfsaðilarnir eru nú hæfari til að veita þjálfun með þeirri aðferðafræði sem þróuð var í verkefninu.

---

<sup>1</sup> Verkefnið heitir á ensku Women Making Waves; WMW

# Lokaráðstefna: Konur gára vatnið

Konur gára vatnið; ráðstefna um kynjajafnrétti í stjórnun var haldin á Akureyri 11. maí 2022 og var jafnframt lokaráðstefna verkefnisins Women Making Waves. Ráðstefnan fjallaði um valdeflingu kvenna í víðum skilningi og sérstaklega hefur verið hugað að konum sem búa við tvöfalda mismununun.

Katrín Björg Ríkarðsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu setti ráðstefnuna og varpaði ljósi á stöðu kvenna á vinnumarkaði og þær áskoranir sem konur hafa staðið frammi fyrir í sögulegu samhengi. Hjalti Ómar Ágústsson, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu, kynnti síðan verkefnið og meginmarkmið þess.

Markmið verkefnisins er tvíþætt, annars vegar að hvetja til umræðu um kynjamisrétti á vinnumarkaði og hins vegar að þróa úrræði til að efla konur þannig að þær séu betur í stakk búnað að mæta þessu misrétti og takast á við það með betri verkfærum.

Erlendu samstarfsaðilarnir, Raquel Ortega Martínez frá Spáni og Dominika Tkacova frá Englandi, kynntu námsefnið sem samið var í verkefninu; námskeið í fimm hlutum og Leiðtogahringir. Kynningar þeirra voru á upptökum því þær gátu ekki mætt vegna Covid-19. Anna Koronioti frá Grikklandi kynnti síðan rafrænan vettvang verkefnisins þar sem allt námsefni er aðgengilegt auk náms- og kennsluleiðbeininga.

Eftir kaffihlé stýrði Anna Lilja Björnsdóttir, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu, umræðum um konur í forystustörfum. Hildigunnur Svavarsdóttir, forstjóri Sjúkrahúsins á Akureyri, flutti erindi sem hún nefndi „Veganesti leiðtogans; uppáhalds molarnir“. Í erindi sínu varpaði hún ljósi á vegferð sína á vinnumarkaði og gaf konum góð ráð fyrir starfsframann.

Í lokin kynnti Helga Harðardóttir, sérfræðingur á þróunarsviði Bygðastofnunar, handbók fyrir stefnumótendur; leiðarvísi fyrir þau sem hyggjast nýta sér afurðir verkefnisins áfram.



Are you aware of the disproportionate number of women in leadership roles?

Only 1 manager out of 3 in the EU is a woman. Even less in senior management positions. Women continue to be under-represented amongst managers.

Do you know there's a European project that wants to encourage you to break this pattern and "make waves"?

You will be able to increase your confidence, self-awareness, employability and leadership skills to maximise your career opportunities.

The Women Making Waves project wants to empower double disadvantaged women to develop their leadership skills and strengths.

With its training programme and Leader Circles™ methodology, you will be able to build your self-belief and confidence for employability, thus boosting your career progression.

Work on your personal development by learning about Emotional Intelligence and how you can identify and manage your own emotions, as well as the emotions of others.

Familiarize yourself with the gender system and recognize the obstacles that are holding you back and know how to fight them.

Learn how to use strategic tools like a coaching protocol to help you take actions in your learning journey and use the power of active listening.

Learn critical skills and strategies on leadership you need to obtain a fresh viewpoint on challenges.



1. Veistu að aðeins þriðji hver stjórnandi í Evrópu, er kona? Jafnvel færri meðal reyndra stjórnenda. Það hallar enn á konur í stjórnendastörfum. Hlutfall kvenna í stjórnunarstörfum er ekki í hlutfalli við fjölda þeirra né menntun.
2. Hér er Evrópuverkefni sem hvetur þig til brjóta upp mynstrið og „gára vatnið“. Þú getur eftt sjálfstraust þitt, tengslanet og leiðtogahæfni til að auka möguleika þína á fjölbreyttum starfstækifærum.
3. Konur gára vatnið (WMW) verkefnið leitast við að efla konur með tvöfalda mismunun til að finna styrk sinn og leiðtogahæfni.  
Með þessari þjálfun og Leiðtogahringja-aðferðinni getur þú byggt upp sjálfstraust og tengslanet og þannig aukið möguleika þína á vinnumarkaði.
4. Þú getur aukið persónulega hæfni þína með því að fræðast um tilfinningagreind, þína og annarra.
5. Kynntu þér kynjakerfið, hvernig það hindrar konur á vinnumarkaði og lærðu að komast yfir hindranir.
6. Nýttu þér verkfæri þjálfara til að finna þína stefnu og gera þig að góðum hlustanda.
7. Tileinkaðu þér aðferðir leiðtogans að líta áskoranir frá nýju sjónarhorni.
8. Æfðu þig í samskiptum til að byggja tengslanet svo þú getir styrkt þig og aðra á starfsferlinum.
9. Allt þetta er að finna í vef verkefnisins Konur gára vatnið: <https://platform.womenmakingwaves.eu/heim/>
10. Taktu þátt í námskeiðunum og myndaðu tengsl við konur víða að til að styrkja hver aðra.

## IO1 - Konur gára vatnið: Hæfniramar

Til að finna þá hæfni sem konur með tvöfalda mismunun þurfa til að geta gegnt leiðtogastöðum og aukið leiðtogahæfileika sína var undir merkjum WMW þróaður Hæfnisrammi. Ramminn greinir upphafsstöðu og þörf markhópsins til að efla kvenleiðtoga. Hæfnisramminn er [HÉR!](#)

## IO2 - Konur gára vatnið: námskeið og þjálfun

Námskeið voru þróuð með það að markmiði að efla leiðtogahæfni kvenna og styrkja konur með tvöfalda mismunun (innflytjendur, fatlaða, á fyrstu stigum starfsferils, þær sem snúa aftur til vinnu eftir langa fjarveru eða sem eru að breyta um starfsvettvang) til að trúa og treysta á starfshæfni sína. Þið getið fundið æfingaprógrammið [HÉR!](#)

## IO3 - Konur gára vatnið Leader Circles™ (Leiðtogahringir)

The Circles™ (Hringirnir) samanstanda af 4-5 þátttakendum í hópi sem hitta leiðbeinanda í 3-4 skipti, stendur í allt að 4 klukkustundir í senn (augliti til auglitis). Markmið og nýsköpun Hringja (Circles™) aðferðafræðinnar er að þátttakendur læri ekki aðeins af leiðbeinanda sínum heldur mest hver af annarri til að ná fram sameiginlegu markmiði (sjálfstraust, sjálfsvitund og þekkingu á starfshæfni, viðskipta- og forystutækifærum) með því að deila reynslu sinni með hver annarri.

## IO4 - Konur gára vatnið vefsetrið

Vefsetur verkefnisins inniheldur netútgáfu af námskeiðunum sem voru þróuð sem hluti af IO2 og IO3. (Þátttakendur sem fá þjálfun augliti til auglitis munu geta nálgast aukæfni á milli lota.) Þú getur fundið vefsetur verkefnisins [HÉR!](#)

## IO5 – Konur gára vatnið: Handbók fyrir stefnumótendur

Þróuð hefur verið handbók fyrir stefnumótendur sem er leiðarvísir fyrir stefnumótendur, fyrirtæki, formlegar og óformlegar menntastofnanir, félagasamtök innflytjenda og kvenna og aðra hagsmunaaðila um alla Evrópu. Í handbókinni er lögð áhersla á nauðsyn þess að hafa fleiri konur í forystustörfum til að nýta þann mannauð sem til er í Evrópu til hins ýtrasta og til að auka samkeppnishæfni innri markaðarins. Þú getur fundið leiðbeiningar stefnumótenda [HÉR!](#) á íslensku og líka ([here in english!](#))

Samstarfsaðilar verkefnisins frá Bretlandi, Spáni, Grikklandi og Íslandi hafa unnið saman til að:

- Styrkja leiðtogahæfileika kvenna með tvöfalda mismunun og byggja upp sjálfstraust þeirra.
- Auka meðvitund um kynjamun í leiðtogastöðum.
- Auka sjálfsvitund kvenna, þekkingu á starfshæfni, viðskiptum og leiðtogamöguleikum.
- Stuðla að fjölgun kvenna í stjórnendastörfum og minnka þá kynjabil karla og kvenna í leiðtoga- og stjórnendastörfum.
- Byggja upp nánari tengsl milli kvenna um alla Evrópu með stuðningskerfi þvert yfir landamæri, þeirra sem leitast við að þróa starfsferil sinn.
- Bregðast við félagslegri aðlögun með því að hjálpa konum sem standa frammi fyrir tvöfaldri mismunun.



Fylgið okkur á [Facebook](#).

# Samstarfsaðilar verkefnisins



## **Jafnréttisstofa (Directorate of Equality- Iceland)**

veitir ráðgjöf og fræðslu á sviði jafnréttismála og fer með eftirlit þegar kemur að stöðu og þróun jafnréttismála á Íslandi í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, lög nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, og lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði.



## **Inova Consultancy (UK)**

Inova Consultancy Ltd (UK) veitir sveigjanlega ráðgjafarþjónustu sem svarar þörfum stofnana og einstaklinga á alþjóðavettvangi á sviði fjölbreytileika, jafnréttis og frumkvöðlastarfs. Inova hefur sérhæfða reynslu í þróun og afhendingu markþjálfunar- og kennsluáætlana fyrir fjölda mismunandi hópa.



**AMUEBLA (Spain)** var stofnað árið 2009 og samanstendur af hópi hagsmunaaðila sem vinna saman að því að koma til móts við þarfir í húsgagna- og húsnæðisgeiranum og eru fulltrúar yfir 80 fyrirtækja og meira en 2.500 starfsmanna. AMUEBLA hefur tekið þátt í meira en tíu evrópskum verkefnum innan Erasmus + og Interreg áætlana.



## **The Institute of Entrepreneurship Development (Greece)**

eru rannsóknarsamtök stofnuð árið 2005. Þau leggja megin áherslu á eflingu frumkvöðlastarfs fyrir alla og fellst aðal starfsemi samtakanna í innleiðingu og framkvæmd verkefna undir nokkrum af áhrifamestu og byltingarkenndustu verkefnaáætlunum Evrópu t.d. HORIZON 2020 og ERASMUS +.



## **Byggðastofnun (The Icelandic Regional Development Institute)**

er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins sem fylgist með og rannsakar byggðaþróun á Íslandi. Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu.